

Alþingi
Erindi nr. Þ 134/1904
komudagur 16.4.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 16. apríl 2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, 12/1997.

Samkvæmt frumvarpinu eru atvinnuleysisbætur á mánuði hækkaðar úr kr. 79.767 í kr. 88.767. Hækkunin er umtalsverð, eða sem nemur 11%, og kemur til viðbótar 3% hækkun um sl. áramót. Þessi hækkun atvinnuleysisbóta var hluti af framlagi ríkisins til sáttargjörðar um kjarasamninga verkafólks sem undirritaðir voru 7. mars sl. og hafa verið samþykktir í viðkomandi verkalýðsfélögum. Kjarasamningarnir fólu í sér sérstaka hækkun lægsta umsamda mánaðarlaunataxta, sem hækkaði úr kr. 88.794 í kr. 96.023. Hækkun bótanna felur í sér að hlutfall þeirra af lægsta launataxta hækkar úr 90% í 92%. Samtök atvinnulífsins telja að þessi upphæð bóta eigi ekki að hafa truflandi áhrif á vinnumarkaðinn.

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is